

## Sveitarstjóri Dalir

---

**From:** Sveitarstjóri Dalir  
**Sent:** 14. desember 2017 20:18  
**To:** Finnbogi Kristjánsson  
**Subject:** 1609021 - Afgreiðsla sveitarstjórnar - Gagntilboð

**One:** -1



### Fasteignasalan Frón Finnbogi Kristjánsson

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar fyrr í dag 14. desember 2017 var fjallað um tilboð Arnarlóns ehf. dags. 8. desember sl.

Eftirfarandi var bókað:

„*Borist hefur tilboð í hlut Dalabyggðar í jörðinni Laugar í Sælingsdal, skólalóð ásamt hitaveituréttindum, öll mannvirki og jörðina Sælingsdalstungu að frátalinni vatnsveitu Dalabyggðar.*

*Til máls tóku: Sigurður Bjarni, Ingveldur, Eypór, Þorkell, Valdís, Jóhannes.*

Fram komu tvær tillögur:

*Tillaga 1: Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tilboð 450 millj. kr. með fyrirvara um að ekki komi fram betra tilboð fyrir 30. desember nk. Eignirnar verði auglýstar í einu lagi í fasteignablöðum um komandi helgi.*

*Tillaga 2: Sveitarstjórn samþykkir að leggja fram gagntilboð 470 millj. kr. Gagntilboðið gildir fyrir eignarhluta og allar eignir Dalabyggðar og Dalagistingar í jörðunum Laugar og Sælingsdalstungu að frátöldu vatnsverndarsvæði og vatnsréttindum Sælingsdalstungu. Tilboðið verði með fyrirvara um að ekki komi fram hærra tilboð fyrir 30. desember nk. og að eignirnar verði auglýstar í einu lagi í fasteignablöðum um komandi helgi. Einnig verði fyrirvarar um að langtíma leigusamningur náist um húsnæði Byggðasafnsins og um afnot af íþróttahúsi og sundlaug.*

*Fundurinn er sammála um að tillaga 1 verði tekin til afgreiðslu á undan.*

*Afgreiðsla á tillögu 1. Tillagan felld með 4 atkvæðum (IG, HSS, VG, JHH) gegn þremur.*

*Afgreiðsla á tillögu 2. Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum. Einn sat hjá (SBG).“*

Ég bið þig um að tilkynna tilboðsgjafa þetta og koma auglýsingu í fasteignablöð helgarinnar og á fasteignavefi.

Vinsamlega staðfestu móttöku þessa skeytis.

Með kveðju,  
Sveinn Pálsson  
Sveitarstjóri Dalabyggðar  
Miðbraut 11, 370 Búðardal.  
sími: 430 4700  
netfang: [sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)  
veffang: [www.dalir.is](http://www.dalir.is)

---

Fyrirvari:  
Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.  
Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.  
Disclaimer:  
This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

---